

HK Handknattleikur

Yngri flokkar

Ársreikningur 2024



Handknattleiksfélag Kópavogs

Vallakór 12-14
203 Kópavogi

Kt. 630981-0269

HK Handknattleikur

Yngri flokkar

Ársreikningur 2024



Efnisyfirlit

| | |
|---|-----|
| Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Skýringar | 6-7 |

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Handknattleiksdeildar Handknattleiksfélags Kópavogs

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2024 fyrir yngri flokka Handknattleiksdeildar HK byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur deildarinnar hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar með það markmið að aðstoða deildina við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi deildarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda hennar.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 6. mars 2025

Deloitte ehf.

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Ársreikningur yngri flokka Handknattleiksdeildar HK fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur yngri flokka Handknattleiksdeildar HK fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagasamtakanna er að standa fyrir iðkun íþrótta á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Starfsemin á árinu

| | |
|--|------------|
| Hagnaður deildarinnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam | 263 |
| Eignir deildarinnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu | 29.764.612 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam | 3.099.803 |

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra yngri flokka Handknattleiksdeildar HK koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu deildarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri yngri flokka Handknattleiksdeildar HK staðfestir hér með ársreikning deildarinnar með undirritun sinni.

Kópavogur, 6. mars 2025

Í stjórn

Brynjar Freyr Valsteinsson

Magnús Fjalar Guðmundsson

Kristín Helga Einarsdóttir

Jón Ágúst Garðarsson

Hrund Sverrisdóttir

Alexander Giess

Erla Hanna Hannesdóttir

Valdís Arnarsdóttir

Unnur Vala Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Sandra Sigurðardóttir

Ársreikningur meistaraflokka Handknattleiksdeildar HK fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|--|-------|--------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Styrktaraðilar | | 3.557.587 | 2.867.655 |
| Æfingagjöld | | 50.473.273 | 45.824.812 |
| Mótahald og námskeið | | 3.590.680 | 6.971.380 |
| Aðrar tekjur | | 1.938.009 | 1.028.929 |
| | | <u>59.559.549</u> | <u>56.692.776</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Verktakagreiðslur og tengdur kostnaður | (| 51.738.142) | (51.888.610) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (| 2.606.618) | (2.697.298) |
| Mótakostnaður | (| 2.740.493) | (3.602.876) |
| Annar kostnaður | (| 2.400.328) | (2.883.041) |
| | (| <u>59.485.581)</u> | <u>(61.071.825)</u> |
| Rekstrarhagnaður (-tap) | | 73.968 | (4.379.049) |
| Vaxtatekjur og vaxtagjöld | | | |
| Vaxtatekjur | | 625.828 | 473.539 |
| Vaxtagjöld | (| 699.533) | (707.792) |
| | (| <u>73.705)</u> | <u>(234.253)</u> |
| Hagnaður (tap) ársins | | <u>263</u> | <u>(4.613.302)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

| | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 7.347.136 | 7.867.102 |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 0 | 457.508 |
| Handbært fé | | 22.417.476 | 16.331.958 |
| | | <u>29.764.612</u> | <u>24.656.568</u> |
| Eignir samtals | | <u>29.764.612</u> | <u>24.656.568</u> |

Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|-------------------|-------------------|
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.099.803 | 3.099.540 |
| Eigið fé samtals | 4 | <u>3.099.803</u> | <u>3.099.540</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 664.809 | 557.028 |
| Skuld við aðalstjórn | | 1.000.000 | 2.000.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 18.500.000 | 17.500.000 |
| Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir | | 6.500.000 | 1.500.000 |
| | | <u>26.664.809</u> | <u>21.557.028</u> |
| Skuldir samtals | | <u>26.664.809</u> | <u>21.557.028</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>29.764.612</u> | <u>24.656.568</u> |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Handknattleiksfélag Kópavogs eru félagasamtök, sem standa fyrir iðkun íþróttá á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Handknattleiksfélag Kópavogs er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vallakór 12-14, 203 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---------------------------|------------------------|--------------|
| Eigið fé 1.1.2023 | 7.712.842 | 7.712.842 |
| Tap ársins | (4.613.302) | (4.613.302) |
| Eigið fé 1.1.2024 | 3.099.540 | 3.099.540 |
| Hagnaður ársins | 263 | 263 |
| Eigið fé 31.12.2024 | 3.099.803 | 3.099.803 |

5. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varðandi síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Skýringar

5. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skattamál

Íþróttafélög eru undanþegin tekjuskatti að því gefnu að þau verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur en myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og sjóði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.